

Sveitarfélagið Vogar
Ársreikningur
2013

Sveitarfélagið Vogar
löndal 2
190 Vogar

Kt. 670269-2649

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	
Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9-27

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 812 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 775,5 millj. kr.


Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,32% í A-flokki en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 19,5 millj. kr. og í A hluta um 26,1 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2013 nam 928,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 771,2 millj. kr.

Sveitarfélagið keypti fasteignir Stóru-Vogaskóla af Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. á árinu 2013 en nánar er fjallað um kaupin í skýringu 15 og 19 með ársreikningnum.

Vogum, 14. maí 2014




Bæjarstjóri:



Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2013 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Vogum, 14. maí 2014

Bæjarstjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 14. maí 2014

BDO ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2013

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur	Áætlun 2013	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2013	Ársreikningur
	2013	með viðaukum	2012	2013	með viðaukum	2012
Rekstrartekjur	4					
Útsvar og fasteignaskattur.....	413.522	409.508	389.593	413.522	409.508	389.593
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	282.137	263.418	239.209	282.137	263.418	239.209
Aðrar tekjur.....	79.845	75.293	74.383	116.296	112.205	108.659
	<u>775.505</u>	<u>748.219</u>	<u>703.184</u>	<u>811.956</u>	<u>785.131</u>	<u>737.461</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	5 444.109	426.751	417.773	444.109	426.751	417.773
Annar rekstrarkostnaður.....	6 284.227	260.221	257.200	299.136	272.036	265.390
Afskriftir.....	9 34.247	33.606	34.381	40.047	39.406	48.130
	<u>762.583</u>	<u>720.579</u>	<u>709.354</u>	<u>783.291</u>	<u>738.194</u>	<u>731.293</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	12.922	27.639	(6.169)	28.664	46.936	6.167
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	7 (39.043)	(34.016)	185.995	(48.143)	(43.116)	185.995
Rekstrarniðurstaða.....	13 <u>(26.121)</u>	<u>(6.377)</u>	<u>179.825</u>	<u>(19.478)</u>	<u>3.822</u>	<u>192.162</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2013	2012	2013	2012
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	9				
		861.901	558.611	861.901	558.611
		147.670	155.713	286.106	299.949
		16.560	910	16.560	910
		378.450	704.839	378.450	704.839
		<u>1.404.581</u>	<u>1.420.074</u>	<u>1.543.017</u>	<u>1.564.310</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	10	61.796	62.934	61.796	62.934
	11	10.919	10.533	10.919	10.533
		<u>72.715</u>	<u>73.468</u>	<u>72.715</u>	<u>73.468</u>
		1.477.296	1.493.541	1.615.732	1.637.777
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
	12	55.415	56.672	55.415	56.672
		51.294	58.596	0	0
	12	19.016	61.551	19.061	62.361
	11	0	0	0	0
		<u>125.725</u>	<u>176.819</u>	<u>74.476</u>	<u>119.034</u>
Handbært fé:					
	3j				
	18	29.830	625.463	29.830	625.463
		100.326	49.692	100.326	49.692
		<u>130.156</u>	<u>675.156</u>	<u>130.156</u>	<u>675.156</u>
		255.881	851.974	204.632	794.189
		1.733.177	2.345.515	1.820.364	2.431.966
Eignir utan efnahagsreiknings..... 3k					

31. desember 2013

		Eigið fé og skuldir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2013	2012	2013	2012
Eigið fé	13				
Eiginfjárreikningur.....		771.156	811.077	928.749	962.027
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding.....	14	94.885	74.939	94.885	74.939
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir.....	16	2.409	1.326	2.409	1.326
Leiguskuldir.....	15	721.934	1.324.209	721.934	1.324.209
		724.343	1.325.535	724.343	1.325.535
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		70.406	64.499	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	16	1.467	482	1.467	482
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	15	9.185	17.972	9.185	17.972
Aðrar skammtímaskuldir.....		61.735	51.011	61.735	51.011
		142.793	133.964	72.387	69.465
Skuldir og skuldbindingar samtals		962.021	1.534.438	891.615	1.469.939
Eigið fé og skuldir samtals		1.733.177	2.345.515	1.820.364	2.431.966
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings.....	19				

Sjóðstreymisýfirlit árið 2013

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur	Áætlun 2013	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2013	Ársreikningur	
	2013	með viðaukum	2012	2013	með viðaukum	2012	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða.....	13	(26.121)	(6.375)	179.825	(19.478)	3.822	192.162
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstr.:							
Afskriftir.....	9	34.247	33.606	34.381	40.047	39.406	48.130
Verðbætur og gengismunur.....		32.452	32.290	9.765	32.452	32.290	9.765
Hagnaður af sölu eigna.....		(669)	0	0	(669)	0	0
Breyting á leiguskuld.....		0	0	(267.955)	0	0	(267.955)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	14	7.071	7.700	6.568	7.071	7.700	6.568
Aðrir liðir.....		993	0	(5.681)	993	0	(5.681)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		47.973	67.221	(43.097)	60.415	83.218	(17.011)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum:							
Óinnh. skattt., (hækkun) lækkun..		1.257	0	3.892	1.257	0	3.892
Aðrar kröfur (hækkun) lækkun.....		42.535	44.570	26.309	43.301	44.570	26.349
Skammtímask. hækkun (lækkun)..		10.724	0	(3.205)	10.724	0	(3.205)
Greitt v. lífeyrissk.bindingar.....	14	(924)	(3.000)	(1.677)	(924)	(3.000)	(1.677)
Samtals		53.591	41.570	25.318	54.358	41.570	25.358
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		101.564	108.791	(17.779)	114.773	124.788	8.347
Fjárfestingahreyfingar							
Fjárfestingar í varanlegum							
rekstrarfjármunum.....	9	(19.095)	(15.300)	(48.882)	(19.095)	(15.300)	(48.882)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		1.009	0	0	1.009	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting.....		145	0	(255)	145	0	(255)
Langtímakröfur, breyting.....		0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar		(17.941)	(15.300)	(49.138)	(17.941)	(15.300)	(49.137)
Fjármögnunarahreyfingar							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja,							
breyting.....		13.209	15.997	26.126	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	16	2.859	0	0	2.859	0	0
Afborganir langtímalána.....	16	(859)	(461)	(3.569)	(859)	(461)	(3.569)
Afborganir leiguskulda.....	15	(643.832)	(670.089)	(15.185)	(643.832)	(670.089)	(15.185)
Fjármögnunarahreyfingar		(628.623)	(654.553)	7.372	(641.832)	(670.550)	(18.754)
Breyting á handbæru fé		(545.000)	(561.062)	(59.544)	(545.000)	(561.062)	(59.544)
Handbært fé í ársbyrjun.....		675.156	675.156	734.700	675.156	675.156	734.700
Handbært fé í árslok		130.156	114.094	675.156	130.156	114.094	675.156

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Vogar er sveitarfélag á Reykjanesi og voru íbúar 1.128 þann 1. desember 2013. Skrifstofa sveitarfélagsins er að löndal 2.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga 2013 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr sveitarstjórnalaga nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Framfarasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Fráveita og Hafnarsjóður.

Þann 1. janúar 2008 var Framfarasjóður Sveitarfélagsins Voga stofnaður. Tilgangur hans er varsla og ávöxtun fjármuna af sölu eignarhluta sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf. til lengri tíma litið. Markmiðið er að raunvextir fjármuna sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir í rekstur og framkvæmdir sveitarfélagsins til þess að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádreignum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	50 ár
Hafnarmannvirki.....	10 ár
Veitukerfi.....	33 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5-7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma, sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Keyptur búseturréttur í leigðum eignum sem fæst endurgreiddur þegar búseturréttur fellur niður er skilgreindur sem hrakvirði hinnar leigðu eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	50 ár
-----------------	-------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaega og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar miðað við árslok 2013. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14.

m. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningurinn var gerður.

n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Upphaflega samþykkt fjárhagsáætlun, samþykkt viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum er að finna í skýringum 23 og 24.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig :

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar.....	351.728	346.441	351.728	346.441
Fasteignaskattur.....	49.478	50.079	49.478	50.079
Lóðarleiga.....	12.316	12.988	12.316	12.988
	<u>413.522</u>	<u>409.508</u>	<u>413.522</u>	<u>409.508</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs:				
Þjónustuframlag.....	85.301	68.461	85.301	68.461
Framlög vegna grunnskóla.....	87.218	93.928	87.218	93.928
Tekjujöfnunarframlag.....	69.563	72.003	69.563	72.003
Framlag vegna fasteignaskatts.....	18.136	17.755	18.136	17.755
Önnur framlög.....	21.920	11.271	21.920	11.271
	<u>282.137</u>	<u>263.418</u>	<u>282.137</u>	<u>263.418</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>695.660</u>	<u>672.926</u>	<u>695.660</u>	<u>672.926</u>

Skýringar

4. Rekstrartekjur, frh.:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur.....	52.001	49.119	88.345	86.031
Eignatekjur.....	3.783	4.769	3.783	4.769
Endurgreiðslur og tilfærslur.....	390	812	390	812
Aðrar tekjur.....	23.671	20.593	23.778	20.593
	<u>79.845</u>	<u>75.293</u>	<u>116.296</u>	<u>112.205</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>775.505</u>	<u>748.219</u>	<u>811.956</u>	<u>785.131</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun.....	349.229	336.852	349.229	336.852
Launatengd gjöld.....	84.667	78.889	84.667	78.889
Annar starfsmannakostnaður.....	3.141	3.310	3.141	3.310
	<u>437.038</u>	<u>419.051</u>	<u>437.038</u>	<u>419.051</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	7.071	7.700	7.071	7.700
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>444.109</u>	<u>426.751</u>	<u>444.109</u>	<u>426.751</u>

Í árslok 2013 störfuðu 90 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 73 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar námu 6,9 millj. kr. á árinu 2013 og laun bæjarstjóra námu 10,9 millj. kr.

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vöru- og þjónustukaup.....	181.490	172.552	196.342	187.040
Skattar og önnur opinber gjöld.....	0	0	0	0
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	102.737	87.669	102.793	84.996
	<u>284.227</u>	<u>260.221</u>	<u>299.136</u>	<u>272.036</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur.....	19.174	13.660	19.174	13.660
Arður af eignarhlutum.....	11.548	10.200	2.448	1.100
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(69.764)	(57.876)	(69.764)	(57.876)
Gengismunur.....	0	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	<u>(39.043)</u>	<u>(34.016)</u>	<u>(48.143)</u>	<u>(43.116)</u>

Skýringar

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2013			Áætlun 2013 með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur.....	0	701.653	701.653	678.226
Félagsþjónusta.....	109.369	3.399	(105.971)	(91.777)
Heilbrigðismál.....	0	0	0	0
Fræðslu- og uppeldismál.....	458.580	70.165	(388.415)	(366.419)
Menningarmál.....	31.289	726	(30.562)	(30.401)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	121.196	23.728	(97.468)	(92.895)
Brunamál og almannavarnir.....	11.812	0	(11.812)	(12.782)
Hreinlætismál.....	18.300	17.750	(550)	(788)
Skipulags- og byggingarmál.....	8.861	536	(8.324)	(11.256)
Umferðar- og samgöngumál.....	31.493	2.679	(28.814)	(26.787)
Umhverfismál.....	24.084	1.241	(22.843)	(22.057)
Atvinnumál.....	188	0	(188)	(184)
Framlög til B hluta.....	0	0	0	(2.673)
Sameiginlegur kostnaður.....	79.120	2.082	(77.038)	(77.297)
Lífeyrisskuldbindingar.....	7.071	0	(7.071)	(7.700)
Framlag frá Framfarasjóði.....	0	83.524	83.524	83.524
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld....	1.587	19.656	18.069	14.762
Aðalsjóður samtals	902.951	927.139	24.188	33.496
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	119.760	781.909	662.150	674.707
Framfarasjóður.....	723.524	11.066	(712.458)	(714.578)
Innri færslur A hluta.....	(913.887)	(913.887)	0	0
A hluti samtals	832.347	806.226	(26.121)	(6.375)
B hluta fyrirtæki:				
Vatnsveita.....	12.648	18.366	5.717	7.849
Fráveita.....	6.723	17.881	11.157	11.448
Hafnarsjóður.....	1.337	205	(1.132)	0
Innri færslur A og B hluta.....	0	(9.100)	(9.100)	(9.100)
A og B hluti samtals	853.056	833.578	(19.478)	3.822

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	619.018	262.331	9.103	890.452
Afskrifað áður.....	(60.408)	(106.617)	(8.193)	(175.218)
Bókfært verð 1.1.2013.....	558.610	155.714	910	715.234
Leigðar eignir keyptar.....	317.371	0	0	317.371
Viðbót á árinu.....	0	2.500	16.595	19.095
Selt á árinu.....	0	0	(340)	(340)
Endurmat lóða og lendna.....	0	0	0	0
Afskrifað á árinu.....	(14.080)	(10.543)	(605)	(25.228)
Bókfært verð 31.12.2013.....	861.901	147.670	16.560	1.026.131
Heildarverð 31.12.2013.....	1.034.625	264.830	22.297	1.321.752
Afskrifað samtals.....	(172.724)	(117.160)	(5.737)	(295.621)
Bókfært verð 31.12.2013.....	861.901	147.670	16.560	1.026.131
Afskriftarhlutföll.....	0,0 - 4,0%	4,0%	15 - 20%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	865.789
Leigðar eignir keyptar.....	(414.850)
Heildarverð 31.12.2013.....	450.938
Afskrifað í upphafi árs.....	(160.949)
Leigðar eignir keyptar.....	97.480
Afskrifað á árinu.....	(9.019)
Afskrifað samtals 31.12.2013.....	(72.488)
Bókfært verð 31.12.2013.....	378.450
Afskriftarhlutföll.....	2,0%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	1.420.074
Viðbót á árinu samtals.....	19.095
Selt á árinu samtals.....	(340)
Afskriftir samtals á árinu.....	(34.247)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	1.404.581

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð, frh.

A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur, veitur og höfn	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	619.018	535.155	9.103	1.163.276
Afskrifað áður.....	(60.408)	(235.205)	(8.193)	(303.806)
Bókfært verð 1.1.2013.....	558.610	299.950	910	859.470
Leigðar eignir keyptar.....	317.371	0	0	317.371
Viðbót á árinu.....	0	2.500	16.595	19.095
Selt á árinu.....	0	0	(340)	(340)
Endurmat lóða og lendna.....	0	0	0	0
Afskrifað á árinu.....	(14.080)	(16.343)	(605)	(31.028)
Bókfært verð 31.12.2013.....	861.901	286.106	16.560	1.164.567
Heildarverð 31.12.2013.....	1.034.625	537.655	22.297	1.594.577
Afskrifað samtals.....	(172.724)	(251.548)	(5.737)	(430.009)
Bókfært verð 31.12.2013.....	861.901	286.106	16.560	1.164.568
Afskriftarhlutföll.....	0,0 - 4,0%	3,0 - 10%	15 - 20%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	865.789
Leigðar eignir keyptar.....	(414.850)
Heildarverð 31.12.2013.....	450.938
Afskrifað í upphafi árs.....	(160.949)
Leigðar eignir keyptar.....	97.480
Afskrifað á árinu.....	(9.019)
Afskrifað samtals 31.12.2013.....	(72.488)
Bókfært verð 31.12.2013.....	378.450
Afskriftarhlutföll.....	2,0%
Samantekið:	
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	1.564.310
Viðbót á árinu samtals.....	19.095
Selt á árinu samtals.....	(340)
Afskriftir samtals á árinu.....	(40.047)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	1.543.017

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2013	Áætlun 2013 með viðaukum
A hluti		
Gatnakerfi:		
Kirkjugarður.....	2.500	2.500
Gatnakerfi samtals	2.500	2.500
Áhöld og tæki:		
Áhöld og tæki.....	16.595	12.800
Gatnakerfi samtals	16.595	12.800
A hluti	19.095	15.300
A og B hluti	19.095	15.300

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð 31.12.2013
Suðurgata 5, leikskóli.....	152.200	65.685	93.391
Stóru-Vogaskóli.....	755.650	218.400	289.277
Íöndalur 2, skrifstofa.....	24.650	10.295	8.506
Aragerði 4.....	12.800	5.540	741
Lóðir og lendur.....		1.047.880	290.908
Annað land.....		212.317	110.225
Íþróttasvæði.....			68.854
Gatnakerfi.....			147.670
Hafnarmannvirki.....			7.949
Veitukerfi.....			130.487
Vélar, áhöld, bifreiðar og búnaður.....			16.560
Leigðar eignir.....			378.450
			1.543.017

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru götulýsing, veitu- og hafnarmannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur í árslok 278,2 millj. kr., vatnsveitu 284,5 millj. kr., götulýsingar 70,0 millj. kr. og hafnar 557,3 millj. kr.

Tryggingaverð lausafjármuna

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Grunnskóli.....	33.481	33.481
Leikskóli.....	9.243	9.243
Bókasafn.....	15.210	15.210
Íþróttahús og sundlaug.....	16.765	16.765
Skrifstofa sveitarfélagsins.....	6.130	6.130
	80.829	80.829

Skýringar

10. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
HS Veitur hf.....	0,10%	1.348	1.348
Suðurlindir ohf.....	33,33%	507	507
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.....	3,10%	111	111
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.....	0,83%	8.561	8.561
Landskerfi bókasafna hf.....	0,14%	205	205
Bláa lónið ehf.....	0,03%	200	200
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	0,42%	37.562	37.562
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.....	5,69%	13.203	13.203
Heilsufélag Reykjaness ehf.....		100	100
		<u>61.796</u>	<u>61.796</u>

Óvissa ríkir um verðmæti eignarhluta sveitarfélagsins í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., en unnið er að endurskipulagningu á fjármálum og rekstri félagsins.

11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun.....	10.533	10.533
Afborganir á árinu.....	0	0
Verðbætur.....	385	385
Staða í árslok.....	<u>10.919</u>	<u>10.919</u>

Yfirlit um langtímakröfur:

Búseturéttur, verðbættur.....	<u>10.919</u>	<u>10.919</u>
-------------------------------	---------------	---------------

Búseturéttur er verðtryggður með vísitölu neysluverðs og fæst greiddur við innlausn íbúða. Greiddur búseturéttur í upphafi er færður til eignar meðal leigðra eigna, en áfallnar verðbætur meðal langtímakrafna.

12. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	134.207	134.315
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	2.507	2.400
Niðurfærsla í árslok.....	<u>136.714</u>	<u>136.714</u>

Skýringar

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2013.....	811.077	962.027
Leiðrétting lífeyrisskuldbindingar 1.1.2013.....	(13.800)	(13.800)
Leiðrétt eigið fé 1.1.2013.....	797.277	948.227
Rekstrarniðurstaða ársins.....	(26.121)	(19.478)
Endurmat lóða og lendna í árslok.....	0	0
Eigið fé 31.12.2013.....	771.156	928.749

14. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 924 þús. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2013 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2013.....	74.939	74.939
Leiðrétting lífeyrisskuldbindingar 1.1.2013.....	13.800	13.800
Leiðrétt lífeyrisskuldbinding 1.1.2013.....	88.739	88.739
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	7.071	7.071
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	(924)	(924)
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2013.....	94.885	94.885

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2014-2018.....	10.850	10.850
Árin 2019-2023.....	15.265	15.265
Árin 2024-2028.....	21.260	21.260
Síðar.....	47.510	47.510
	94.885	94.885

15. Leiguskuldir

Sveitarfélagið hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu og greinast þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	731.119	731.119
Næsta árs afborgun.....	(9.185)	(9.185)
Langtímahluti leiguskulda.....	721.934	721.934

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Samtals
A hluti:			
Eignarhaldsfél. Fasteign ehf., íþróttamannvirki.....	2011-2038	4,07%	486.562
Búmenn, þj. rými.....	2008-2058	3,95%	222.707
Búmenn, íbúð 106.....	2008-2058	3,85%	10.924
Búmenn, íbúð 107.....	2008-2058	3,85%	10.924
			731.119

Skýringar

15. Leiguskuldir, frh.:

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig í þúsundum króna:

	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2017	Árið 2018	Síðar	Samtals
EFF, íþróttam.virki.	20.045	31.215	31.210	31.204	31.199	642.636	787.509
Búmenn, þj. rými...	10.410	10.410	10.410	10.410	10.410	415.475	467.524
Búmenn, íbúð 106..	512	512	512	512	512	20.059	22.619
Búmenn, íbúð 107..	512	512	512	512	512	20.059	22.619
Samtals.....	31.479	42.649	42.644	42.638	42.633	1.098.230	1.300.271

Heildargreiðslur vegna leigusamninga námu 43,5 millj. kr. á árinu 2013 og greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Afborgun til lækkunar á leiguskuld.....	13.564	13.564
Vaxtagjöld.....	27.652	27.652
Lágmarksleigugreiðsla.....	41.216	41.216
Rekstrarkostnaður.....	2.244	2.244
Heildarleigugreiðslur.....	43.460	43.460

Á árunum 2004-2008 gerði sveitarfélagið leigusamninga um fasteignir við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF) sem færðir voru til skuldar í efnahagsreikningi. Fjárhagslegri endurskipulagningu á EFF lauk í ársbyrjun 2013. Í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar EFF gerði sveitarfélagið nýjan leigusamning við EFF í janúar 2013 og féllu þá fyrri leigusamningar úr gildi. Samkvæmt nýja samningnum á sveitarfélagið kauprétt að hinum leigðu eignum og ákvarðast kaupverðið á hverjum tíma af stöðu áhvílandi fjármögnunar á hinum leigðu eignum auk hlutdeildar í ótrygðum lánum EFF. Ekki kemur til frekara álag á kaupverð ef kaupréttur er nýttur fyrir lok árs 2014 annað en hugsanleg uppgreiðslugjöld til lánastofnana og annar kostnaður vegna kaupanna. Vorið 2013 samþykkti bæjarráð að kaupa fasteignir Stóru-Vogaskóla af EFF og fjármagna kaupin með framlagi úr Framfarasjóði sveitarfélagsins. Þann 30. júní 2013 var gengið frá samningi um nýtingu kaupréttarins og var kaupverðið 636 millj. kr. greitt þann 1. júlí 2013. Í árslok 2013 var í gildi einn leigusamningur við EFF um leigu á íþróttamannvirkjum. Bæjarráð hefur greint frá áformum sínum um kaup á þessum eignum fyrir árslok 2014, sjá umfjöllun í skýringu 19.

16. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Óverðtryggð lán	Samtals
A hluti			
Staða lána í ársbyrjun.....	1.809	0	1.809
Tekin ný lán.....	0	2.859	2.859
Afborganir af lánum.....	(462)	(397)	(859)
Verðbætur og gengismunur.....	67	0	67
Staða lána í árslok.....	1.414	2.462	3.876
A og B hluti			
Staða lána í ársbyrjun.....	1.809	0	1.809
Tekin ný lán.....	0	2.859	2.859
Afborganir af lánum.....	(462)	(397)	(859)
Verðbætur og gengismunur.....	67	0	67
Staða lána í árslok.....	1.414	2.462	3.876

Skýringar

16. Langtímaskuldir, frh.:

Yfirlit um langtímaskuldir:

	A hluti	A og B hluti
Skuldir í íslenskum krónum, vextir 4,9-8,25%.....	3.876	3.876
Næsta árs afborganir.....	(1.467)	(1.467)
Langtímaskuldir samtals.....	<u>2.409</u>	<u>2.409</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2013.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig næstu ár:

Árið 2014.....	1.467	1.467
Árið 2015.....	1.492	1.492
Árið 2016.....	916	916
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	<u>3.876</u>	<u>3.876</u>

17. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti.....	100%	1.733.177	962.021	771.156
Vatnsveita.....	100%	76.301	0	76.301
Fráveita.....	100%	124.592	51.058	73.534
Hafnarsjóður.....	100%	7.994	236	7.758
Millifærslur, innbyrðis staða.....		(121.701)	(121.701)	0
Samtals.....		<u>1.820.364</u>	<u>891.615</u>	<u>928.749</u>

Skýringar

18. Sjóðir Sveitarfélagsins Voga

Framfarasjóður

Stofnframlag til Framfarasjóðs Sveitarfélagsins Voga var 1.256 millj. kr. í ársbyrjun 2008 en staða sjóðsins var 0 kr. í árslok 2013.

Yfirlit um Framfarasjóð á árinu:

Flutt frá fyrra ári.....	714.578
Greidd framlög ársins.....	(723.524)
Ávöxtun á árinu.....	11.066
Framfarasjóður sameinaður Aðalsjóði.....	(2.120)
Staða í árslok.....	0

Yfirlit um stöðu Framfarasjóðs í árslok:

Innstæður á bankareikningum.....	0
Krafa á Aðalsjóð.....	0
Staða í árslok.....	0

Ákvörðun um að ganga á höfuðstól sjóðsins krefst tveggja umræðna í sveitarstjórn samkvæmt samþykktum sjóðsins. Átta vikur skulu líða á milli umræðna og skal síðari umræðu lokið áður en fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fer fram. Til að tillaga um að ganga á höfuðstól hljóti samþykki skal hún njóta stuðnings meirihluta sveitarstjórnar við báðar umræður í sveitarstjórn. Bæjarráð skal afla álits óháðra sérfræðinga á nauðsyn ráðstöfunarinnar til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins og skal það álit kynnt bæjarfulltrúum og bæjarbúum með auglýsingu og á borgarafundi áður en síðari umræða um tillögu fer fram.

Menntasjóður

Menntasjóður Sveitarfélagsins Voga var stofnaður á árinu 2011 og var stofnframlag sjóðsins 28,2 millj. kr. Staða sjóðsins var 29,8 millj. kr. í árslok 2013.

Yfirlit um Menntasjóð á árinu:

Flutt frá fyrra ári.....	29.095
Greidd framlög ársins.....	(250)
Ávöxtun á árinu.....	985
Staða í árslok.....	29.830

Yfirlit um stöðu Menntasjóðs í árslok:

Innstæða á bankareikningi.....	29.830
Staða í árslok.....	29.830

Sjóðurinn var formlega stofnaður á bæjarstjórnarfundi í nóvember 2011. Markmið sjóðsins er að efla menntun í Sveitafélaginu Vogum og hvetja unga íbúa sveitafélagsins til að bæta námsárangur sinn og minnka brottfall úr framhaldsskóla. Stjórn sjóðsins er bæjarráð Sveitafélagsins Voga hverju sinni og mun það ákveða upphæð styrkveitinga á hverju ári í samræmi við tekjur sjóðsins og fjölda styrkþega. Rétt til styrkveitinga eiga þeir þrír nemendur sem sýna bestan námsárangur á lokaprófum í 10. bekk Stóru - Vogaskóla og þeir nemendur sem ljúka öðru ári í framhaldsskóla. Umsóknir um styrk skulu berast á skrifstofu Sveitafélagsins fyrir 20. júní hvert ár og er styrkjum úthlutað á bæjarstjórnarfundi í júní.

Skýringar

19. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Ábyrgðir

Sveitarfélagið ábyrgist ásamt Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði greiðslur á skuldabréfum að fjárhæð rúmlega 600 millj. kr. vegna sameiginlegra fyrirtækja og stofnana á vegum sveitarfélaganna. Um er að ræða Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. en allir hlutaðeigandi aðilar bera jafna ábyrgð á skuldum félagsins.

Fasteignakaup

Bæjarráð hefur samþykkt að kaupa fasteignir íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar af Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. á árinu 2014 og er áætlað uppgreiðsluverðmæti þeirra fasteigna 487 millj. kr. þann 31. desember 2013 en í því er ekki tekið tillit til uppgreiðslugjalds lána og annars kostnaðar vegna kaupanna. Gert er ráð fyrir að kaupin verði fjármögnuð með langtímaláni hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 400 milljónir króna en það sem útaf stendur verði fjármagnað með handbæru fé.

20. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. Aðrar upplýsingar

Grænuborgarsvæði

Á árinu 2008 gerði sveitarfélagið samning við einkahlutafélag um uppbyggingu íbúða á Grænuborgarsvæði. Samkvæmt samningnum átti einkahlutafélagið að sjá um framkvæmdir við gerð gatna, lagna, opinna svæða o.fl., auk þess sem félagið myndi láta af hendi og afsala til sveitarfélagsins lóðum til byggingar grunnskóla og leikskóla.

Á árinu 2012 var félagið tekið til gjaldprotaskipta og lýsti sveitarfélagið fjórum kröfum í þrotabú félagsins en kröfurnar voru m.a. tilkomnar vegna samkomulags félagsins við sveitarfélagið um framkvæmdir á Grænuborgarsvæði. VBS eignasafn hf. (VBS) lýsti einnig kröfum í þrotabú félagsins en til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum félagsins við VBS hafði VBS verið veittar tryggingar í Grænuborgarsvæði. Kröfur VBS voru allar samþykktar sem veðkröfur.

Á árinu 2013 náðist samkomulag með aðilum um að VBS leysti til sín Grænuborgarsvæði sem veðhafi á grundvelli laga um gjaldprotaskipti. Samkvæmt samkomulaginu mun VBS afsala Vogum þeim hluta Grænuborgarsvæðis sem ekki er skilgreint sem byggingarlóðir innan hins deiliskipulagða svæðis, ákveðinni landspildu og lóðum undir grunn- og leikskóla. Í skiptum mun Vogar afsala VBS öðrum landspildum innan svæðisins.

Skýringar

22. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðaukum
Í hlutfalli við rekstrartekjur				
Útsvar.....	45,4%	46,3%	43,3%	44,1%
Fasteignaskattur.....	6,4%	6,7%	6,1%	6,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	36,4%	35,2%	34,7%	33,6%
Lóðarleiga.....	1,6%	1,7%	1,5%	1,7%
Skatttekjur samtals.....	89,7%	89,9%	85,7%	85,7%
Aðrar tekjur.....	10,3%	10,1%	14,3%	14,3%
Rekstrartekur samtals.....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	57,3%	57,0%	54,7%	54,4%
Annar rekstrarkostnaður.....	36,7%	34,8%	36,8%	34,6%
Afskriftir.....	4,4%	4,5%	4,9%	5,0%
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld.....	5,0%	4,5%	5,9%	5,5%
	103,4%	100,9%	102,4%	99,5%
Rekstrarniðurstaða.....	(3,4%)	(0,9%)	(2,4%)	0,5%
Veltufé frá rekstri.....	6,2%	9,0%	7,4%	10,6%
Fjárfestingarhreyfingar.....	(2,3%)	(2,0%)	(2,2%)	(1,9%)
Í þúsundum króna á íbúa				
Rekstur				
Skatttekjur.....	617	596	617	596
Aðrar tekjur.....	71	67	103	99
Laun og launatengd gjöld.....	(394)	(378)	(394)	(378)
Annar rekstrarkostnaður.....	(252)	(230)	(265)	(241)
Afskriftir.....	(30)	(30)	(36)	(35)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(35)	(30)	(43)	(38)
Rekstrarniðurstaða.....	(23)	(6)	(17)	3
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri.....	43	59	54	74
Handbært fé frá rekstri.....	90	96	102	110
	A hluti		A og B hluti	
	2013	2012	2013	2012
Efnahagur				
Eignir.....	1.537	2.121	1.614	2.199
Eigið fé.....	684	733	823	870
Skuldir og skuldbindingar.....	853	1.387	790	1.329
Aðrar lykiltölur				
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum.....	15,32	-	12,17	-
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir.....	1,79	6,36	2,83	11,43
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,44	0,35	0,51	0,40

Skýringar

22. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

	2013	2012	2011	2010	2009
Í hlutfalli við rekstrartekjur					
Útsvar.....	45,4%	47,4%	49,2%	49,8%	51,9%
Fasteignaskattur.....	6,4%	6,5%	6,8%	6,9%	7,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	36,4%	34,0%	31,6%	31,6%	28,5%
Lóðarleiga.....	1,6%	1,6%	1,7%	2,2%	2,1%
Skatttekjur samtals.....	89,7%	89,4%	89,4%	90,5%	90,3%
Aðrar tekjur.....	10,3%	10,6%	10,6%	9,5%	9,7%
Rekstrartekjur samtals.....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	57,3%	59,4%	58,1%	63,7%	62,1%
Annar rekstrarkostnaður.....	36,7%	36,6%	52,7%	39,4%	60,4%
Afskriftir.....	4,4%	4,9%	7,4%	7,4%	2,4%
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld..	5,0%	(26,5%)	17,9%	(15,3%)	(25,6%)
	103,4%	74,4%	136,1%	95,2%	99,3%
Rekstrarniðurstaða.....	(3,4%)	25,6%	(36,1%)	4,8%	0,7%
Veltufé frá rekstri.....	6,2%	(6,1%)	(21,3%)	0,6%	7,8%
Fjárfestingarhreyfingar.....	(2,3%)	(7,0%)	(3,0%)	(13,0%)	(8,1%)
Í þúsundum króna á íbúa					
Rekstur					
Skatttekjur.....	617	569	517	468	431
Aðrar tekjur.....	71	67	61	49	46
Laun og launatengd gjöld.....	(394)	(378)	(336)	(329)	(297)
Annar rekstrarkostnaður.....	(252)	(233)	(305)	(203)	(288)
Afskriftir.....	(30)	(31)	(43)	(38)	(11)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)..	(35)	168	-103	80	122
Rekstrarniðurstaða.....	(23)	163	-209	25	3
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri.....	43	(39)	-123	3	37
Handbært fé frá rekstri.....	90	(16)	-110	2	26
Efnahagur					
Eignir.....	1.537	2.121	2.130	2.472	2.530
Eigið fé.....	684	733	559	745	737
Skuldir og skuldbindingar.....	853	1.387	1.572	1.727	1.793
Aðrar lykiltölur					
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum.....	15,32	-	-	8,82	7,66
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir.....	1,79	6,36	6,58	9,01	6,27
Eiginf.hlutf. - eigið fé/heildarfjármagn	0,44	0,35	0,26	0,30	0,29
Útsvarprósenta.....	14,48%	14,48%	14,48%	13,28%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður.....	0,32%	0,32%	0,32%	0,27%	0,28%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður.....	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður.....	1,40%	1,40%	1,40%	1,40%	1,40%
Íbúafjöldi (heimild: Hagstofa Íslands):					
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.128	1.106	1.130	1.165	1.195
Breyting frá fyrra ári.....	2,0%	(2,1%)	(3,0%)	(2,5%)	-1,6%

Skýringar

22. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu eru borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. á verðlagi hvers árs.

	2013	Hlutfall af skattt.	2012	Hlutfall af skattt.	2011	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur.....	701.653	100,0%	634.556	100%	588.814	100%
Félagsþjónusta.....	(105.971)	(15,1%)	(87.479)	(13,8%)	(58.184)	(9,9%)
Heilbrigðismál.....	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál.....	(388.415)	(55,4%)	(378.769)	(59,7%)	(350.241)	(59,5%)
Menningarmál.....	(30.562)	(4,4%)	(26.445)	(4,2%)	(27.321)	(4,6%)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	(97.468)	(13,9%)	(90.521)	(14,3%)	(76.051)	(12,9%)
Brunamál og almannavarnir.....	(11.812)	(1,7%)	(11.225)	(1,8%)	(12.232)	(2,1%)
Hreinlætismál.....	(550)	(0,1%)	(2.458)	(0,4%)	(2.120)	(0,4%)
Skipulags- og byggingarmál.....	(8.324)	(1,2%)	(9.321)	(1,5%)	(9.194)	(1,6%)
Umferðar- og samgöngumál.....	(28.814)	(4,1%)	(24.635)	(3,9%)	(24.612)	(4,2%)
Umhverfismál.....	(22.843)	(3,3%)	(20.134)	(3,2%)	(12.390)	(2,1%)
Atvinnumál.....	(188)	(0,0%)	(137)	(0,0%)	(315)	(0,1%)
Framlög til B hluta.....	0	0,0%	(2.673)	(0,4%)	(135.700)	(23,0%)
Sameiginlegur kostnaður.....	(77.038)	(11,0%)	(71.845)	(11,3%)	(62.628)	(10,6%)
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	(7.071)	(1,0%)	(6.773)	(1,1%)	(587)	0,1%
Framlag frá Framfarasjóði.....	83.524	11,9%	15.000	2,4%	420.000	71,3%
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld.....	18.069	2,6%	4.015	0,6%	5.041	0,9%
Aðalsjóður samtals	24.188	3,4%	(78.845)	(12,4%)	242.281	41,1%
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður.....	662.150	94,4%	298.838	47,1%	64.342	10,9%
Framfarasjóður.....	(712.458)	(101,5%)	(40.167)	(6,3%)	(542.814)	(92,2%)
A hluti samtals	(26.121)	(3,7%)	179.825	28,4%	(236.191)	(40,2%)

Fjárfesting A hluta á árunum 2011-2013 greinist þannig eftir málaflokkum í þús. kr.:

	2013	%	2012	%	2011	%
Æskulýðs- og íþróttamál.....	0	0,0%	0	0,0%	18.206	37,4%
Skipulags- og byggingarmál.....		0,0%	16.500	100,0%	0	0,0%
Umferðar- og samgöngumál.....	6.300	33,0%	0	0,0%	30.538	62,6%
Umhverfismál.....	12.795	67,0%	0	0,0%	0	0,0%
	19.095	100,0%	16.500	100,0%	81.288	100,0%

Skýringar

23. Rekstraráætlanir

Neðangreint yfirlit sýnir rekstraráætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktu viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur....	409.508	0	409.508	409.508	0	409.508
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	263.418	0	263.418	263.418	0	263.418
Aðrar tekjur.....	75.293	0	75.293	112.205	0	112.205
	<u>748.219</u>	<u>0</u>	<u>748.219</u>	<u>785.131</u>	<u>0</u>	<u>785.131</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	422.551	4.200	426.751	422.551	4.200	426.751
Annar rekstrarkostnaður.....	264.421	(4.200)	260.221	276.236	(4.200)	272.036
Afskriftir.....	41.372	(7.766)	33.606	47.172	(7.766)	39.406
	<u>728.345</u>	<u>(7.766)</u>	<u>720.579</u>	<u>745.960</u>	<u>(7.766)</u>	<u>738.194</u>
Rekstrarniðurst. án fjármunat. og fjármagnsgjalda.....	19.873	7.766	27.639	39.170	7.766	46.936
Fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)	<u>(29.889)</u>	<u>(4.127)</u>	<u>(34.016)</u>	<u>(38.989)</u>	<u>(4.127)</u>	<u>(43.116)</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u><u>(10.016)</u></u>	<u><u>3.639</u></u>	<u><u>(6.377)</u></u>	<u><u>181</u></u>	<u><u>3.639</u></u>	<u><u>3.822</u></u>

Skýringar

24. Sjóðstreymisáætlanir

Neðangreint yfirlit sýnir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykta viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymi ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða.....	(10.014)	3.639	(6.375)	183	3.639	3.822
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstr.:						
Afskriftir.....	41.372	(7.766)	33.606	47.172	(7.766)	39.406
Verðbætur og gengismunur.....	21.693	10.597	32.290	21.693	10.597	32.290
Hagnaður af sölu eigna.....	0	0	0	0	0	0
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	7.700	0	7.700	7.700	0	7.700
Veltufé frá rekstri	60.751	6.470	67.221	76.748	6.470	83.218
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum:						
Óinnh. skattt., (hækkun) lækkun..	0	0	0	0	0	0
Aðrar kröfur (hækkun) lækkun.....	0	44.570	44.570	0	44.570	44.570
Skammtímask. hækkun (lækkun)..	0	0	0	0	0	0
Greitt v. lífeyrissk.bindingar.....	(3.000)	0	(3.000)	(3.000)	0	(3.000)
Samtals	(3.000)	44.570	41.570	(3.000)	44.570	41.570
Handbært fé frá rekstri	57.751	51.040	108.791	73.748	51.040	124.788
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfestingar í varanlegum						
rekstrarfjármunum.....	(2.500)	(12.800)	(15.300)	(2.500)	(12.800)	(15.300)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar	(2.500)	(12.800)	(15.300)	(2.500)	(12.800)	(15.300)
Fjármögnunarahreyfingar						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja,						
breyting.....	15.997	0	15.997	0	0	15.997
Afborganir langtímalána.....	(16.238)	15.777	(461)	(16.238)	15.777	(461)
Afborganir leiguskulda.....	(1.838)	(668.251)	(670.089)	(1.838)	(668.251)	(670.089)
Fjármögnunarahreyfingar	(2.079)	(652.474)	(654.553)	(18.076)	(652.474)	(670.550)
Breyting á handbæru fé	53.172	(614.234)	(561.062)	53.172	(614.234)	(561.062)
Handbært fé í ársbyrjun.....	134.228	540.928	675.156	134.228	540.928	675.156
Handbært fé í árslok	187.400	(73.306)	114.094	187.400	(73.306)	114.094

